ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 40

17. árgangur

22.7.2010


I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

| | | |
|---|---|---|
| **2010/EES/40/01** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5752 – Fortress Investment Group/Residential Capital Residential mortgage business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1 |
| **2010/EES/40/02** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5910 – Martank/MTTI/VTTI) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . | 2 |
| **2010/EES/40/03** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5935 – VION/Weyl) | 3 |
| **2010/EES/40/04** | Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer C 1/10 (áður NN 56/07, áður CP 150/07) – Aðstoð vegna kostnaðar við hirðingu og eyðingu hræja af sjálfdauðum húsdýrum í Vallóníu-héraði – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 4 |
| **2010/EES/40/05** | Ríkisaðstoð – Búlgaría – Málsnúmer C 12/10 (áður N 389/09) – Frestur á endurgreiðslu og umbreyting á skuldum Ruse Industry – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 4 |
| **2010/EES/40/06** | Auglýst eftir tillögum fyrir 2010 um fjárstuðning vegna reksturs evrópskra neytenda-samtaka – (Aðgerð 5 í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1926/2006/EB um að koma á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði stefnu í neytendamálum (2007–2013)) . . . . | 5 |

**2010/EES/40/07** Auglýst eftir tillögum fyrir 2010 um fjárstuðning vegna reksturs evrópskra neytendasamtaka, sem gæta hagsmuna neytenda við þróun staðla fyrir vörur og þjónustu, á vettvangi Evrópusambandsins – (Aðgerð 6 í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1926/2006/EB um að koma á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði stefnu í neytendamálum (2007–2013)) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/40/01**

**(mál COMP/M.5752 – Fortress Investment Group/Residential Capital Residential mortgage business)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Fortress Investment Group LLC öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hluta fyrirtækisins Residential Capital LLC (því sem eftir stendur af starfsemi Residential Capital LLC í Evrópu á sviði íbúðaveðlána í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi ásamt eignasöfnum íbúðaveðlána) sem er að fullu í eigu bandaríska fyrirtækisins GMAC Financial Services.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Fortress Investment Group LLC: að byggja upp, fjárfesta í og stjórna sjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum, lánasjóðum og vogunarsjóðum

   – Residential Capital LLC: miðlun íbúðaveðlána til einstakra neytenda, útvegun fjármagns á frjálsum markaði með umbreytingu í verðbréf og sölu á fullum íbúðaveðlánum til stofnanafjárfesta; þjónusta við eigin íbúðaveðlán, m.a. þau sem eru seld/umbreytt í verðbréf á frjálsum markaði

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 199, 21. júlí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5752 – Fortress Investment Group/Residential Capital Residential mortgage business, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel
   BELGIQUE/BELGIË

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/40/02**

**(mál COMP/M.5910 – Martank/MTTI/VTTI)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Martank B.V. („Martank“), sem lýtur yfirráðum hollenska fyrirtækisins Vitol Holding B.V. („Vitol“), og malasíska fyrirtækið MTTI SDN. BHD. („MTTI“), sem lýtur óbeinum yfirráðum malasíska fyrirtækisins Petroliam nasional Berhad („Petronas“) í gegnum malasíska fyrirtækið MISC Berhad („MISC“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sameiginlegu hollensku fyrirtæki, VTTI B.V., („VTTI“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
   - Vitol: viðskipti með olíu og gas, rannsóknir og framleiðsla á sviði olíu og gass, meðal annars
   - MISC: eignarhald og rekstur skipa og fljótandi búnaðar á hafi úti, ásamt breytingum á skipum og verkfræðiþjónustu og smíði
   - Petronas: heildarstarfsemi á sviði olíu og gass

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 194, 17. júlí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5910 – Martank/MTTI/VTTI, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel
   BELGIQUE/BELGIË

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/40/03**

**(mál COMP/M.5935 – VION/Weyl)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin VION Enschede B.V., Premium Fleischspezialitäten GmbH og VION Buchloe GmbH, sem tilheyra fyrirtækinu VION Food Group (einu nafni „VION“), öðlast með kaupum á eignum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, yfir öllum eignum hollenska fyrirtækisins Weyl Beef Products B.V. („Weyl“) og tiltekinna félaga í samsteypunni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Vion: alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem kaupir og slátrar búfé; framleiðsla og sala á kjötvörum og afleiddum, tilbúnum matvörum og innihaldsefnum

   – Weyl: alþjóðlegt fyrirtæki í vinnslu nauta- og kálfakjöts

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 200, 22. júlí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5935 – VION/Weyl, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel
   BELGIQUE/BELGIË

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Ríkisaðstoð – Belgía** **2010/EES/40/04**

**Málsnúmer C 1/10 (áður NN 56/07, áður CP 150/07) – Aðstoð vegna kostnaðar við hirðingu og eyðingu hræja af sjálfdauðum húsdýrum í Vallóníu-héraði**

**Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt stjórnvöldum í Belgíu, með bréfi dagsettu 13. janúar 2010, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EB-sáttmálans, sjá Stjtíð. ESB C 191, 15.7.2010, bls. 12.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtíð. ESB (birtingardagur 15.7.2010). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Agriculture
Directorate M.2
Building/Office L130 5/88
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22967672

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Búlgaría** **2010/EES/40/05**

**Málsnúmer C 12/10 (áður N 389/09) – Frestur á endurgreiðslu og umbreyting á skuldum Ruse Industry**

**Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt stjórnvöldum í Búlgaríu, með bréfi dagsettu 14. maí 2010, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EB-sáttmálans, sjá Stjtíð. ESB C 187, 10.7.2010, bls. 7.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtíð. ESB (birtingardagur 10.7.2010). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Búlgaríu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Auglýst eftir tillögum fyrir 2010 um fjárstuðning vegna reksturs evrópskra neytendasamtaka** **2010/EES/40/06**

*(Aðgerð 5 í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1926/2006/EB um að koma á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði stefnu í neytendamálum (2007–2013))*

1. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti 21. desember 2009, í samræmi við 7. gr. ákvörðunar nr. 1926/2006/EB, árlega vinnuáætlun á sviði stefnu í neytendamálum fyrir árið 2010. Í vinnuáætluninni er að finna nánari upplýsingar um markmið, forgangsverkefni, áætlaðar fjárveitingar og tegundir aðgerða og reglur um hverjir eigi rétt á að sækja um styrk frá Evrópusambandinu samkvæmt neytendaáætluninni. Skjal þetta er að finna á vefsetri framkvæmdastofnunar heilbrigðis- og neytendamála (EAHC) á slóðinni:

   http://ec.europa.eu/eahc/consumers

2. Þessi auglýsing miðar einkum að því að veita fjárhagsaðstoð, í formi rekstrarstyrkja, til evrópskra neytendasamtaka með gerð rammasamstarfssamninga til fjögurra ára – fyrir rekstrarárin 2011, 2012, 2013 og 2014 – og koma þannig á fót samstarfi (samstarfsverkefnum) til langs tíma milli stofnunarinnar og valinna samstarfsaðila.

3. Óstyttur texti auglýsingarinnar um tillögur og tengd skjöl er að finna á vefsetri framkvæmdastofnunar heilbrigðis- og neytendamála á slóðinni:

   http://ec.europa.eu/eahc/consumers/consumers_calls.html

**Auglýst eftir tillögum fyrir 2010 um fjárstuðning vegna reksturs evrópskra neytendasamtaka, sem gæta hagsmuna neytenda við þróun staðla fyrir vörur og þjónustu, á vettvangi Evrópusambandsins** **2010/EES/40/07**

*(Aðgerð 6 í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1926/2006/EB um að koma á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði stefnu í neytendamálum (2007–2013))*

1. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti 21. desember 2009, í samræmi við 7. gr. ákvörðunar nr. 1926/2006/EB, árlega vinnuáætlun á sviði stefnu í neytendamálum fyrir árið 2010. Í vinnuáætluninni er að finna nánari upplýsingar um markmið, forgangsverkefni, áætlaðar fjárveitingar og tegundir aðgerða og reglur um hverjir eigi rétt á að sækja um styrk frá Evrópusambandinu samkvæmt neytendaáætluninni. Skjal þetta er að finna á vefsetri framkvæmdastofnunar heilbrigðis- og neytendamála (EAHC) á slóðinni:

   http://ec.europa.eu/eahc/consumers

2. Þessi auglýsing miðar einkum að því að veita fjárhagsaðstoð, í formi rekstrarstyrkja, til evrópskra neytendasamtaka, sem gæta hagsmuna neytenda við þróun staðla fyrir vörur og þjónustu, á vettvangi Evrópusambandsins með gerð rammasamstarfssamninga til fjögurra ára – fyrir rekstrarárin 2011, 2012, 2013 og 2014 – og koma þannig á fót samstarfi (samstarfsverkefnum) til langs tíma milli stofnunarinnar og valinna samstarfsaðila.

3. Óstyttur texti auglýsingarinnar um tillögur og tengd skjöl er að finna á vefsetri framkvæmdastofnunar heilbrigðis- og neytendamála á slóðinni:

   http://ec.europa.eu/eahc/consumers/consumers_calls.html